

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um hindranir fjölmíðla á Keflavíkurflugvelli.

1. *Af hverjum og á hvaða forsendum og grundvelli, þ.m.t. lagalegum heimildum, var ákvörðun tekin um að beina flóðljósum að fjölmíðlafólki sem hindraði störf þess að faranótt 3. nóvember 2022 á Keflavíkurflugvelli?*

Í samtölum við ráðuneytið, í kjölfar aðgerða löggreglu á Keflavíkurflugvelli umræddan dag, upplýsti embætti ríkislöggreglustjóra ráðuneytið um tildrog, undirbúning og framkvæmd aðgerða löggreglu hinna 3. nóvember 2022. Var þar sérstaklega fjallað um það þegar ljóskösturum bifreiða á vegum ISAVIA virtist hafa verið beint að fjölmíðlum sem staddir voru á svæðinu.

Í samtölum ráðuneytisins við embætti ríkislöggreglustjóra kom fram að starfsmenn embættisins hefðu ekki beint þeim tilmælum til ISAVIA að viðhafa nokkuð sem gæti hindrað störf fjölmíðla. Lögð hefði verið áhersla á það að ekki ætti að gera athugasemdir við það að fjölmíðlar væru að taka myndir af aðgerðum stoðdeildar ríkislöggreglustjóra.

Í kjölfar fréttatutnings af atvikinu kannaði embætti ríkislöggreglustjóra samskipti stoðdeildar embættisins og ISAVIA í aðdraganda og við framkvæmd aðgerðanna. Við þá könnun kom ekkert í ljós sem benti til þess að embætti ríkislöggreglustjóra hefði gefið fyrirmæli um að starfsmenn ISAVIA skyldu beina ljóskösturum eins og gert var eða að störf fjölmíðla skyldu hindruð með einhverjum öðrum hætti.

Samkvæmt niðurstöðu fundar ríkislöggreglustjóra með fulltrúum ISAVIA, sem haldinn var 9. nóvember 2022, er líklegasta skýringin á atvikinu að misskilningur hafi orðið varðandi beiðni stoðdeildar um að fá að athafna sig í næði á haftasvæði flugvellarins, á þann hátt að í beiðninni hafi jafnframt falist fyrirmæli um að hefta ætti fór fjölmíðla.

2. *Telur ráðherra að sú ákvörðun sem getið er í 1. tölul. hafi verið í samræmi við alþjóðlega mannréttindasáttmála, íslensk lög og hefðbundnar verklagsreglur?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar er líklegasta skýringin á atvikinu að misskilningur hafi orðið varðandi beiðni stoðdeildar um að fá að athafna sig í næði á haftasvæði flugvellarins. Að baki þessu lá því ekki ákvörðun um að hindra störf fjölmíðla.

3. *Brást ráðuneytið við ofangreindum atvikum á einhvern hátt? Ef svo er, hvernig? Ef ekki, af hverju ekki?*

Eins og fram kemur hér að framan átti ráðuneytið í samskiptum við embætti ríkislöggreglustjóra í kjölfar atviksins. Þær skýringar sem fram komu og vísað er til í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar voru taldar eiga við rök að styðjast.

Þá var ráðuneytið upplýst um breytingar á verklagi, sem felast m.a. í því að starfsmenn ISAVIA skuli aðeins viðhafa ráðstafanir sem hafi það að markmiði að tryggja flugvernd og allar aðrar aðgerðir þeirra skuli metnar í samráði við stoðdeild ríkislöggreglustjóra. Þá hafi verið farið yfir verkferla á Keflavíkurflugvelli í málum sem þessum til að tryggja rétta

framkvæmd. Einnig hafi embætti ríkislöggreglustjóra átt opinn fund með Blaðamannafélagi Íslands hinn 10. nóvember 2022 þar sem samskipti lögreglu og fjölmíðla hefðu verið sérstaklega rædd.

Ráðuneytið telur að embætti ríkislöggreglustjóra hafi brugðist við með fullnægjandi hætti með því að taka verklag aðgerða af þessu tagi til endurskoðunar og verður ekki annað ráðið en að þær breytingar sem gerðar hafa verið séu til þess fallnar að koma í veg fyrir að atvik sem þessi endurtaki sig.